



Fundur háskólaráðs 12. október 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 06.10.2000 14:09:00
Dags: 12.10.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

12/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 12. október var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13:30.

1. Bókuð erindi

- 1.1 Bréf frá Eiríki Jónssyni, formanni Stúdentaráðs, þar sem tilkynnt er að á Stúdentaráðsfundi þann 31. ágúst s.l. tilnefndi Stúdentaráð Dagnýju Jónsdóttur í kennslumálanefnd Háskóla Íslands í stað Sigríðar Maríu Tómasdóttur.
- 1.2 Beiðni Háskólans um viðræður við menntamálaráðuneyti um nám í táknafræði og táknafræðistúlkun og fjármögnun þess.
- 1.3 Bókun vegna Náttúrufræðahúss Háskóla Íslands. Háskólaráð felur rektor að taka nauðsynlegar ákvarðanir fyrir hönd Háskóla Íslands vegna uppgjors við Íslenska aðalverktaka út af öðrum áfanga Náttúrufræðahúss. - Samþykkt einróma.
- 1.4 Framlag Háskólasjóðs hf. Eimskipafélags Íslands til uppbyggingar þráðlausra netkerfa fyrir fartölvur stúdenta. - Samþykkt einróma.

2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

- 2.1 Lagt fram bréf frá Hauki Þór Hannessyni, framkvæmdastjóra Stúdentaráðs H.Í. sem varðar mat á lífeðlisfræðinámi Margrétar Felixdóttur frá Nýja hjúkrunarskólanum.
- 2.2 Lagt fram bréf frá Vilhjálmi Árnasyni, deildarforseta heimspekideildar, þar sem farið er þess á leit við háskólaráð að deildinni verði veitt undanþága frá 58. gr. reglugerðar um nafnleynd í prófum á háskólaárinu 2000 – 2001.
- 2.3 Drög að vinnureglum um eignaskrá Háskóla Íslands.
- 2.4 Fram var lagt bréf stjórnar Raunvísindastofnunar dags. 6. október s.l. varðandi það að stofnunin verði áfram sjálfstæður liður á fjárlögum. Sigríður Ólafsdóttir, sem situr í stjórn Raunvísindastofnunar skýrði erindið og óskaði eftir stuðningi ráðsins við að stofnunin verði áfram sjálfstæður liður á fjárlögum.

3. Mál til fróðleiks

- 3.1 Listi frá menntamálaráðuneytinu yfir erlenda námsmenn sem hafa hlotið styrk ráðuneytisins til náms í íslensku, sögu Íslands og bókmenntum við heimspekideild Háskóla Íslands skólaárið 2000 – 2001.

4. Mál á dagskrá

- 4.1 Fram var lögð tillaga að jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2000 – 2004. Jafnréttisáætlunin var lögð fram og rædd á háskólafundi 18. og 19. maí 2000. Áætlunin var rædd og gerðar athugasemdir við nokkra þætti í áætluninni m.a. 5. og 9. lið í aðgerðum til að jafna aðstöðu og kjör karla og kvenna.
- 4.2 Nafnleynd í prófum. Fyrir var tekin nafnleynd í prófum, en borist hafa erindi frá

nokkrum deildum um undanþágu frá reglum um nafnleynd í prófum. Málið var rætt og frestað til næsta fundar.

- 4.3 Skipulag stjórnsýslunnar. Rektor greindi frá vinnu ráðgjafa að breytingu á skipulagi stjórnsýslu Háskóla Íslands.
- 4.4 Höfundarréttur og einkaleyfi. Inn á fundinn kom Halldór Jónsson, framkvæmdastjóri rannsóknasviðs. Halldór gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði frá nefnd rektors um hugverkarétt dags. í júní s.l. Meginatriðið í tillögum nefndarinnar er að Háskóli Íslands bjóði vísindamanninum, eiganda hugverksins, aðstoð við verndun og hagnýtingu þess gegn hlutdeild í mögulegum tekjum. Lagt er til að einstök valnefnd starfi í umboði rektors með eiganda hugverks að því að finna farveg fyrir hugmyndina, einkaleyfi, sprotafyrirtæki, samnýting um aðstöðu eða samstarf við fjárfesta. Málið var rætt ítarlega og kom fram sú skoðun að Háskóli Íslands þurfi að setja reglur um hugverkarétt sem hvetji til nýtingar hugverka. Nefndinni var falið að vinna að ítarlegri greinargerð fyrir háskólafund.
- 4.5 Framhald umræðu um húsnæðis- og skipulagsmál. Rektor hóf umræðuna og greindi frá viðræðum við Hjartavernd um samstarf um lífvísindagarð. Tímarammi Hjartaverndar, eitt ár, er mjög knappur og því erfitt að ná samkomulagi í tíma. Skipulagsmálin voru rædd.

5. Önnur mál

- 5.1 Dagný Jónsdóttir, fulltrúi stúdenta, bar fram eftirfarandi tillögu til ályktunar: Undirrituð gerir það að tillögu sinni að skipaður verði starfshópur sem fjalli um öryggismál stúdenta, þ.á.m. hvernig tryggingum þeirra er átt að í því fjölbreytta verk- og rannsóknanámi sem fram fer á vegum Háskólans. Starfshópurinn taki saman upplýsingar um ástand þessara mála og geri tillögu að úrbótum. Starfshópurinn skipi tveir fulltrúar skipaðir af rektor og tveir skipaðir af Stúdentaráði. Hópurinn ljúki störfum eigi síðar en 15. janúar 2001. – Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 15:30